



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabær

Kópavogur, 28. febrúar 2019
1501005 SB

Efni: Framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna 2019-2025

Á 467. stjórnarfundum SSH, þann 11. febrúar s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Fyrir fundinum lá erindi frá samráðsnefnd um rekstur skíðasvæðanna, þar sem óskað er eftir því að eigendanvettvangur skíðasvæðanna samþykki tillögu að árlegu 75 m.kr. framkvæmdafé vegna framkvæmda á skíðasvæðunum sem falla undir ákvæði í samningi sveitarfélaganna um árleg rekstrar- og framkvæmdaframlög vegna skíðasvæðanna. Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna gerði grein fyrir tillögunni.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að senda tillöguna til aðildarsveitarfélaganna.

Í ljósi þessa að nógildandi samningur sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna rennur út í lok þessa árs, þá telur stjórn rétt að hafinn verði undirbúningur að endurnýjun samningsins, og telur rétt að framkvæmdastjóri SSH og forstöðumaður ÍTR hefji þá vinnu sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH